

Skólaráðsfundur í Flataskóla 29. ágúst 2022

Mættir: Ágúst Jakobsson skólastj., Hanna Lóa Friðjónsdóttir fltr. kennara, Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Halla Björg Ragnarsdóttir fltr. starfsfólks, Guðrún Yrsa Richter fltr. foreldra, Hrefna Marín Sigurðardóttir fltr. foreldra.

1. Starfsáætlun skólaráðs

Fundartími skólaráðs í vetur ákveðinn - mánaðarlegir fundir, þriðja mánudag í mánuði kl. 15:15. Næsti fundur mánudaginn 19. sept kl. 15:15. Ágúst sendir út dagskrá með viku fyrirvara fyrir hvern fund. Sendir út drög að fundaáætlun með viðfangsefnum hvers mánaðar til skólaráðsfulltrúa fyrir næsta fund.

Hefð er fyrir því að skólaráð kalli til fulltrúa foreldra í leikskóladeild til að starfa með ráðinu. Ágúst mun auglýsa eftir áhugasömum fulltrúa úr hópi foreldra leikskólabarna.

2. Útlit og horfur

Farið yfir útlit og horfur. Nú eru í skólanum 362 nemendur í grunnskóla og 32 í leikskóla. Fjöldinn er nokkuð eins og við var búist í vor, fækkun í grunnskólahlutanum en fjölgun í leikskólahlutanum.

Húsnæðismál - Framkvæmdir sem áformaðar voru í sumar gengu ekki eftir nema að litlum hluta. Einnig hafa ekki enn verið teknar stikkprufur til að athuga með hugsanlega myglu eins og áformað var. Unnið verður að gluggaskiptum í haust og prufur væntanlega teknar á næstu dögum.

Mötuneytismál - Matartíminn hefur tekið við af Skólamat með mötuneytisþjónustu í skólanum að undangengnu útboði í vor. Smá byrjunarerfiðleikar hafa verið vegna vöntunar á búnaði og leirtaui en það stendur til bóta.

3. Áherslur vetrarins

Farið yfir helstu áherslur vetrarins sem eru í raun þær sömu og tvö síðust ár, þ.e.a.s. leiðsagnarnám/hæfnimiðað nám, teymiskennsla/teymisvinna, fjölval/áhugasviðsverkefni, stofufundir/nemendasamtöl. Unnin verða 7 þróunarverkefni í skólanum í vetur sem hlutu styrki úr þróunarsjóðum bæjarins. Fjögur þeirra snúa að leiðsagnarnámi og/eða lýðræðisvinnu en einnig eru verkefni varðandi matsramma fyrir lestur, nýtingu á Breakout-kössum og umhverfisfræðslu.

4. Samstarf heimila og skóla

Foreldrastarf - Skólastjóri boðar til fundar með stjórn Foreldrafélagsins í vikunni til að undirbúa starfið og koma á aðalfundi félagsins.

Haustfundir - rætt um fyrirkomulag. Samhljómur um að mikilvægt sé að hafa góða kynningu fyrir foreldra 1. bekkjar og huganlega 5. bekkjar en í öðrum árgöngum sé minni þörf fyrir hefðbundna haustfundi/námskynningar. Fram kom sú hugmynd að hafa fundi með foreldrum í beinu framhaldi af skólasetningu - hugmynd sem þarf að skoða og ræða fyrir næsta ár. Einnig rætt um möguleika á að tengja kynningarfundi bekkjarkvöldum. Verður skoðað nánar.

Foreldraviðtöl í október. Skólastjóri velti upp þeirri hugmynd að hafa þau „valfrjáls“ þetta haustið. Hugsanlega hægt með notkun á líðankönnunum og að foreldrar fái upplýsingar um námsstöðu með - öðrum hætti. Verður betur rætt innan skólans.

5. Starfsáætlun Flataskóla 2022-2023

Er í vinnslu - drög verða send til yfirlestrar fyrir miðjan sept. Skilafrestur til skóladeildar er í lok sept.